

ur, nýmeti þegar róid var en ella siginn fiskur eða saltfiskur. Að kvöldinu var etinn harður fiskur, hertir hausar eða þá harðfiskur. Með þessu var þá aftur borinn fram einhver grautur.

Við héldum engar skepnur utan hvað ég minnst þess að móðurafi minn heitinn átti eitt hross. Móðurafi minn og amma bjuggu þarna hjá okkur og hafði afi dálítinn blett sem hann heyjaði fyrir hestinn. Afi minn var atorkumaður og stundaði sjóróðra allt til sumarsins 1914 þegar hann andaðist, en hann var þá að vísu ekki nema rúmlega fimmtugur. Hann hét Eiríkur Árnason. Amma heitin dó hins vegar 1929, en hún hét Margrét Pálsdóttir.

Fjórtán ára á vertíð

„Þegar ég fyrst fór að fylgjast með sem drengur voru gerð út héðan úr hverfinu þrjú áraskip, en þegar ég sjálfur fór fyrst á vertíð árið 1919, þá 14 ára gamall, var aðeins eitt skip gert út og var það sexæringur í eigu Daða Jónssonar á Bala. Á honum byrjaði ég því þessa sjósókn mína og hófst hún þegar eftir fermingu mína í Hvalsneskirkju. Faðir minn var þá enn sem áður háseti á skipum Daða og þegar ég byrjaði réðst fermingarbróðir minn einn og frændi sem var Daði Eilífsson frá Hólakoti á skipið með mér. Þess ber þó að geta að við höfðum þá í nokkur ár farið í skemmri túra á skektum með eldri mönnum og róid „út í þarann“ eins og það var kallað. Daði heitinn frá Bala var þá sem ætíð formaður á bátnum, en var tekinn að eldast þegar þarna var komið. Hann hafði verið mikill aflamaður alla tíð, en þetta varð síðasta vertíðin hans — hann orðinn slitinn og bilaður í fótum og mjöðmum og af þessum sökum fór hann stundum á hesti niður að bátnum. En á sjóinn var farið eftir sem áður — svona var harkan mikil. Hann var góður við okkur unglingsana og hlífði okkur ídulega á leiðinni í land eins og hann gat, því við vorum orðnir lúnir af að andæfa meðan verið var að draga inn línuna.

Á sexæringnum vorum við þó



Metúsalem Jónsson, faðir Sigurbjarnar, var atorkumaður og mikill sjósóknari.

aðeins um haustið, því þá lá leiðin um borð í áttæring sem Björgvin hét og vorum við núu manns á honum. Björgvin var einnig í eigu Daða frá Bala og reri ég á skipum hans í fjórar vertíðir. Formaður var þá Guðjón heitinn Eilífsson frá Hólakoti. Síðar var vél sett um borð í Björgvin.“

Flutt að Stafnesi

„Í Litla Bæ ólst ég svo upp eða allt til ársins 1930, en þá var ég orðinn 24 ára gamall. Þá keypti faðir minn hálfu jörðina Stafnes ásamt Guðjóni frá Hólakoti. Pabbi var þá nýlega hættur að róa á vertíðum, en stundaði róðra á sumrum eftir sem áður.

Það var þó nokkru áður en við fluttum að Stafnesi, 1928 minnir mig, að við feðgar keyptum áttæring með vél, Sigurfara að nafni, ásamt Guðmundi Guðmundssyni á Bala. Þessi bátur var all frægur því hann hafði árið 1919 lent í miklum hrakningum uppi á Akranesi. Hann hafði verið í róðri þegar gerði mikinn sudaustan byl og náðu allir Miðnesbátar landi um daginn nema þetta skip. Þetta var fyrsta vertíðarveturinn minn og man

ég vel eftir þessu veðri. Um kvöldið gekk áttin í útsuður og voru menn að berjast við ofviðrið alla nóttina. Þeir urðu fyrir áfalli, skipið skemmdist, hálsar brotnuðu og eitthvað fleira svo leki kom að bátnum um rifu. Þeir urðu að kasta út ballest og ausa með öllu tiltæku. Var það í minnum haft að einn mannanna, en hann var Kristinn heitinn frá Loftsstöðum, tróð einhverju í rifuna og lá svo á þessu alla nóttina til þess að minnka lekann. Loks gerði hægán útsynning og þeim tókst að lenda og var þá mjög af þeim dregið. En þá hafði borið inn á Mýrar og tók nú við að róa löskuðu skipinu inn til Akraness, en þangað náðu þeir um morguninn um fótaferdatíma. Og ekki höfðu Akurnesingar fyrr lokið við að ganga frá skipinu, en hann rauk upp í norðanveður. Hefði því áhöfninni ekki gefist þetta hlé hefði verið útséð um örlög þeirra. — Sigurfara áttum við fram til ársins 1931 eða 1932, en þá seldum við okkar hlut Guðmundi í Bala og gerði hann bátinn út fram yfir stríð.

Ég tók síðar við búskapnum á Vestur-Stafnesi og átti þar góða ævi. En allt frá 1930 og fram yfir stríð stundaði ég sjómennsku sem formaður. Byrjunin var sú að ég tók við trillu sem Guðmundur Guðlaugsson í Keflavík átti, bróðir Kristjáns Guðlaugssonar lögfræðings í Reykjavík. Með hana var ég í tvö ár. Við vorum sex í áhöfninni og eintómir aðkomumenn um borð með mér. En svo hætti eigandi trillunnar útgerð og þá keyptum við faðir minn trillu úr Keflavík sem hét „Aldan“ og með hana var ég í ein fjórtán ár eða til ársins 1946. Þá tóku útgerðarhættir að breytast og menn hættu að sækja sjóinn jafn fast, heldur tóku því rólega og unnu meira saman, til dæmis við Guðmundur í Bala og fleiri.

Því var það að á árunum eftir stríðið vorum við hér á Vestur-Stafnesi einkum með kýr og garðrækt — þótt ég ætti auðvitað áfram mína trillu. Þá sótti maður fiskvinnu hingað út í Sandgerði, til Keflavíkur og víðar. Ég bjó á Vestur-Stafnesi til 1979 þegar ég missti konuna mína, Júlíu Jónsdóttur. Við eignuðumst fjórar